

|                            |                                    |  |
|----------------------------|------------------------------------|--|
| Nr.: GÁT-040               | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b> |  |
| Útgáfa: 1                  |                                    |  |
| Dags.: 3/9/2021            | <b>Fundargerð skólanefndar</b>     |  |
| Höfundur: ÞÓJ              |                                    |  |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                                    |  |
| Síða 1 af 3                |                                    |  |


|                  |             |                      |                    |
|------------------|-------------|----------------------|--------------------|
| Dags.: 15.6.2023 | Tími: 16:30 | Staðsetning: Stofa 4 | Fund boðaði: Eydís |
|------------------|-------------|----------------------|--------------------|

|              |  |
|--------------|--|
| Mætt:        | Eydís Ásbjörnsdóttir, Unnur Ása Atladóttir, Birgir Jónsson, Sigurborg Hákonardóttir, Hlökkver Hlökkversson, Pálína Margeirsdóttir, Þórður Vilberg Guðmundsson formaður |
| Fjarverandi: | Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Pjetur St Arason, Karen Ragnarsdóttir Malmquist, Sævar Örn Arngrímsson   |


#### Dagskrá:

1. Afkoma ársins 2022
2. Rekstraráætlun 2023
3. Tölur á vorönn 2023
4. Haustönn 2023 – Umsóknir, námsframboð
5. Gjaldskrá 2023-2024
6. Skóladagatal skólaárið 2023-2024
7. Starfsmannamál, auglýsingar og ráðningar
8. Gæðamál
9. Framtíðin – húsnæðismál, umræða um stöðu og stefnu framhaldsskóla, fjármögnun o.fl.
10. Önnur mál

|     |   |
|-----|---|
| nr. | Fundargerð dagskrárliðs   |
| 1   | Formaður skólanefndar Þórður Vilberg bauð fundarfólk velkomið til fundar og bauð Eydísi og Sigurborgu að opna fyrsta lið, afkomu ársins. Drög að ársreikningi hafa verið gerð en dregist hefur að fá gögn til að fullgera hann. Samkvæmt drögunum er afgangur upp á 17 milljónir en ekki er búið að gera upp á milli ára. Staðan hefur oft verið verri.   |
| 2   | Eydís fer yfir rekstraráætlun fyrir árið 2023. Það eru breyttar forsendur og ársnemum fækkaði í útreikningum fyrir árið. Fækkaði úr 200 ársnemum niður í 180. Stofnunin þyrfti að lágmarki 200 ársnema til þess að geta veitt eðlilega þjónustu. Það er margt í útreikningi á fjarnemum í reiknilíkani sem gæti verið hagstæðara. Það þarf að vera sanngirni í því hvernig greitt er fyrir fjarnema. Hafa verið dýrari póstar en áður, bæði snjómokstur og hitunarkostnaður sem hefur hækkað. Eins og staðan er núna erum við ekki að sjá fram á afgang í lok árs. Það verður haldið uppi góðu námi og þjónustu en um leið verður beitt skynsamlegum leiðum í rekstrinum. |
| 3   | Unnur fer yfir tölur vorannar 2023. Það voru örlítið færri nemendur á vorönn 2023 heldur en á vorönn 2022. Það fækkaði aðeins í dagskóla en fjölgaði í fjar- og dreifnámi. Það hefur sérstaklega fjölgað töluvert í dreifnámi í rafvirkjun. Það   |

|                            |                                    |   |
|----------------------------|------------------------------------|---|
| Nr.: GÁT-040               | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b> |  |
| Útgáfa: 1                  |                                    |   |
| Dags.: 3/9/2021            | <b>Fundargerð skólanefndar</b>     |   |
| Höfundur: ÞÓJ              |                                    |   |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                                    |   |
| Síða 2 af 3                |                                    |   |

|    |  |
|----|--|
|    | útskrifuðust 46 nemendur í lok maí. Hlöðver spyr hvað það er sem ræður námsvali nemenda. Unnur svarar því til að það séu margar ólíkar ástæður þar að baki.  |
| 4  | Eydís fer yfir aðsóknina sem er með besta móti, bæði á meðal nýnema beint úr grunnskóla og eldri nemenda. Aðsóknin er það góð að það stendur til að koma á helgarnámi í húsasmíði fyrir eldri nemendur. Það verður auglýst á næstu dögum. Einnig stendur til að bjóða upp á smáskipanám á næstunni ef aðstæður eru fyrir hendi til þess að fara í það. Á vorönn verður skoðað hvort grundvöllur sé fyrir meistaránámi. Unnur fer nánar yfir tölurnar, nemendur sem koma beint úr grunnskóla eru 41 og er það töluverð fjölgun frá síðustu árum. Einnig koma 20 eldri nemendur til viðbótar inn í dagskólann. Einnig er góð aðsókn í fjar- og dreifnám en opið er fyrir umsóknir þar til 13. ágúst. |
| 5  | Eydís fer yfir breytingar á gjaldskrá fyrir næsta skólaár. Breyting verður á rukkun efnisgjalda sem er nú að hámarki 1000 krónur á einingu en verður 15000 krónur að hámarki og ekki bundið við einingu. Gjaldskrá mótuneytis mun hækka í takt við vísitölu. Einnig mun gjald vegna heimavistar hækka, einstaklingsherbergi verður á kr. 28.000,- á per. einstakling á mánuði og tveggja manna herbergi á kr. 20.000,- á per. einstakling á mánuði. Einnig muna aðrir liðir hækka aðeins, sérstaklega mat á námi úr öðrum skólum þar sem við erum langt á eftir öðrum skólum.<br><br>Skólanefnd samþykkir gjaldskrá fyrir skólaárið 2023-2024.   |
| 6  | Eydís fer yfir helstu breytingar á skóladagatali 2023-2024 frá því sem var á liðnu skólaári. Fleiri hefðbundnir kennsludagar eru á næsta skólaári og námsmatsdagar verða nýttir í alls kyns verkefni og nemendur geta verið kallaðir inn. Fulltrúar skólanefndar lýsa ánægju með þessa breytingu.  |
| 7  | Eydís ber yfir þær breytingar sem verða í hópi starfsfólks á næsta skólaári. Vel hefur gengið að ráða í lausar stöður og er verið að hnýta síðustu endana.   |
| 8  | Birgir fór yfir gæðamælikvarða og stöðu þeirra. Það stendur fyrir dyrum að endurskoða mælikvarðana og verður það gert á næsta ári. Einnig er mikilvægt að gera nemendur meira meðvitaða um gæðastarfið. Skólanefnd ræddi um hvernig væri hægt að virkja nemendur meira og auka þannig vellíðan þeirra. Ýmsar hugmyndir komu upp sem munu verða lagðar inn fyrir næsta skólaár.   |
| 9  | Eydís fer yfir framtíðarhorfur í framhaldsskólakerfinu á landinu og hvernig það horfir við skólanum. Mikilvægt er að við séum búin undir að takast saman á við áskoranir framtíðarinnar.   |
| 10 | Eydís greinir frá því að 12 nemendur skólans hafi þreytt sveinspróf í húsasmíði um sjómannadagshelgina og öll luku prófinu með góðum árangri. Skólanefnd fagnar þessum góða árangri.<br><br>Þórður greinir frá því að þau Eydís hyggist funda einu sinni í mánuði frá og með hausti til þess að stilla saman strengi sína.   |

|                            |                                    |   |
|----------------------------|------------------------------------|---|
| Nr.: GÁT-040               | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b> |  |
| Útgáfa: 1                  |                                    |   |
| Dags.: 3/9/2021            | <b>Fundargerð skólanefndar</b>     |   |
| Höfundur: ÞÓJ              |                                    |   |
| Samþykkt:<br>Skólameistari |                                    |   |
| Síða 3 af 3                |                                    |   |

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson

dags. 15.6.2023

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):  
Á heimasíðu skólans og í rafrænni málaskrá